



Torfæra 2010 ÍSLANDSMEISTARAMÓT

Efnisyfirlit:

1. Almenn skilgreining á torfærukeppni
2. Þátttakendur, skráningar
3. Keppnistæki
4. Keppnisdagatal 2010
5. Skipulagning móta
6. Refsingar, mótmæli og kærur
7. Verðlaunaafhending
8. Öryggisbúnaður ökumanna
9. Keppnisreglur
10. Tæknilegar upplýsingar - reglur
11. Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA

Keppni þessi er haldin skv. og eftir alþjóðlegu lögbók FIA International Sporting Code (ISC) og samkvæmt landsreglum Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA. Komi upp misræmi, þá gilda landsreglur Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA, sé misræmi á landsreglum og reglum FIA þá gilda reglur FIA.



1. Almenn skilgreining á torfærukeppni:

1.1 Torfæra almennt:

Torfæra (Formula Offroad) er keppni fjórhjóladrifsbíla þar sem keppendur reyna með sér í akstri samkvæmt brautum keppnishaldara m.a. upp brattar brekkur og við aðrar óvenjulegar aðstæður. Hver keppni skal hafa minnst 6 brautir og skal kynna fjölda þeirra við útgáfu dagskrár keppninar.

1.2 Íslandsmeistaramótið:

Þessar reglur eru gefnar út fyrir Íslandsmeistaramótið í torfæru 2010 og skulu gilda í öllum umferðum mótsins.

Komi upp vafamál, spurningar eða ósamræmi sem ekki er tekið á hér í þessum reglum skal tekið á þeim með eftirfarandi hætti: með ákvörðun dómnefndar ef atriðin koma upp á meðan á keppni stendur; eða af keppnisráði torfærunnar í Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA ef atriði koma upp á öðrum tíma.

Ef einhverjar breytingar verða á milli móta skulu þær gefnar út af Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA eða keppnishaldara og þá dagsettar, undirritaðar og sendar keppendum meistarmótsins á sannarlegan hátt.

2. Þátttakendur, skráningar:

Ökumaður sem skráður er í akstursíþróttaklúbb innan vébanda ÍSÍ/LÍA hefur rétt til þátttöku í mótinu. Ökumaður skal framvísa gildu félagsskírteini á keppnisstað ásamt keppnisskírteini frá Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA. Upplýsingar um keppnisskírteini má finna í verðskrá nefndarinnar á <http://lia.is/skjol/VERDLISTI-2010.pdf>

Lágmarksfjöldi í hvern flokk skal vera 3 ef keppni á að telja til stiga.

Keppnisgjald keppnishaldara er krónur 5. Þúsund og skal greitt samkvæmt upplýsingum í skráningu keppninnar. Einungis skráður ökumaður hefur rétt til þess að koma fram ábendingum, kærnum og kvörtunum til keppnishaldara.

3. Keppnistæki:

Íslandsmeistaramótið er keyrt í þremur flokkum náist skráningar í þá alla. Flokkarnir eru **Sérútbúnir bílar** (Unlimited), **Sérútbúnir götubílar** (Modified) og **Götubílaflokkur** (sjá sérreglur). Ökumaður má aðeins keppa í einum flokki í hverri keppni. Tveir ökumenn mega keppa á sama ökutækinu í sömu keppni og þá í hvaða flokki sem er, uppfylli ökutækið skilyrði þeirra flokka.



Öll ökutæki sem skráð eru til keppni skulu uppfylla öll skilyrði samkvæmt keppnisreglum þessum til þess að fá að taka þátt í keppni.

Rásnúmer eru gefin út af Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA samkvæmt lokastöðu meistaramóts fyrra árs. Nýjir ökumenn fá afhent rásnúmer eftir að skráning þeirra er staðfest og gefin út.

Keppendum er heimilt að skipta um ökutæki á milli keppna og heldur hann áður unnum stigum. Ef ökumaður skiptir um flokk á milli keppna haldast áður unnin stig í öðrum flokkum. Keppnishaldari hefur heimild til auglýsinga á fletinum A4 á ökutækjum ökumanna. Keppenda er þó heimilt að borga keppnishaldara 20 þús. krónur vilji hann ekki bera auglýsingu keppnishaldara.

4. Keppnisdagatal 2010:

Íslandsmótið 2010 samanstendur af 6 keppnum og eru dagsetningar þeirra svona:

Keppni 1	Kollafjörður	2. Maí 2010	Stimpill
Keppni 2	Hella	22. Maí 2010	FBSH
Keppni 3	Hella	23. Maí 2010	FOC
Keppni 4	Egilsstaðir	3. Júlí 2010	START
Keppni 5	Akureyri	31. Júlí 2010	BA
Keppni 6	Reykjanes	21. Ágúst 2010	AIFS

Keppnishaldari skal auglýsa skráningu í hverja umferð minnst 15 dögum fyrir keppni. Keppendalista skal senda á forsvarsmann torfæru í Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA þegar skráningu er lokið í tölvupósti á 4x4@4x4.is

Dagskrá keppninar skal liggja fyrir og birt eigi síðar en 5 dögum fyrir keppni.

5. Skipulagning móta:

5.1 Aðstaða:

Allar umferðir meistarmótsins skulu haldnar í malarnámum sem vel skulu til þess gerðar að bjóða upp á brautir er hæfa keppnishaldinu, aðstöðu fyrir keppendur og áhorfendur.

5.2 Starfsmenn keppna:

Dómnefnd skal skipuð þrem hæfum mönnum þ.m.t. dómnefndarfulltrúa frá Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA. Keppnisstjóri, dómarar og öryggisverðir skulu einnig samþykktir af nefndinni og er þeim óheimilt að keppa í viðkomandi keppni. Til viðbótar skulu skráðir starfsmenn vera:



- Keppnisstjóri
- Öryggisfulltrúi
- Ritari
- Brautarstjóri
- Pittstjóri
- Ræsir
- Tengiliður keppenda
- Þulur
- Skoðunarmenn
- Brautardómarar
- Dómnefnd
- Fjölmiðlafulltrúi

Mælst er til þess að stigadómarar komi frá minnst tveimur akstursíþróttaklúbbum.

Eftirfarandi pappírar þurfa að vera til staðar á keppnisstað:

- Umsögn frá Akstursíþróttanefnd ÍSÍ.
- Leyfi landeigenda
- Leyfi lögreglustjóra/sýslumanns
- Samþykki sveitarstjórnar
- Trygging keppinnar samkv. reglugerð nr. 507/2007

Ritari keppninar skal halda utan um þessa pappíra og afhenda dómnefndarfulltrúa afrit á keppnisstað.

5.3 Öryggiskröfur:

Fullmönnuð sjúkrabifreið skal vera viðstödd alla keppnina. Brautarverðir með að lágmarki 6 kg. slökkvitæki skulu vera við rás- og endamark. CO2 tæki skal einnig staðsett við ráshlið.

Tvö mönnuð dráttar/björgunar tæki með búnaði til að hífa og lyfta keppnistæki skulu vera viðstödd alla keppnina. Brautarverðir skulu einnig hafa aðgang að klippum og vera með hníf til að geta skorið á belt (sjá nánar í Björgunarátætlun keppnishaldara). Gæta skal vel að fjarlægð áhorfenda frá brautum og merkja (girða) áhorfendasvæði með hliðsjón af öryggi þeirra.

5.4 Pittur:

Á pittsvæði skulu staðsett tvö slökkvitæki, að lágmarki 6 kg. dufttæki og skal aðgengi þeirra óhindrað og vel merkt. Hámarkshraði ökutækja á pittsvæði skal vera 5 km/klst.



5.5 **Reynsluakstur:**

Á keppnisstað skal vera svæði þar sem keppendur geta prófað bíla sína og skal svæðið vera að lágmarki 25 metra langt. Einstefna skal vera á prufusvæði. Þessi aðstaða skal standa keppendum opin á meðan keppnisdagskrá stendur yfir. Keppnada er einungis heimilt að hefja æfingar eftir að hann hefur farið í gegnum keppnisskoðun og gengið frá öllum gjöldum keppninar.

5.6 **Fundur með keppendum:**

Fundur með ökumönnum skal haldinn minnst 60 mínútum fyrir keppni. Mæti ökumaður ekki á fundinn getur hann verið úrskurðaður í keppnisbann.

5.7 **Farþegar:**

Allur akstur með farþega í keppnistæki er bannaður á meðan dagskrá keppninar stendur yfir.

5.8 **Keppnisskoðun:**

Öll keppnistæki skulu fara í gegnum keppnisskoðun og standast hana fyrir keppni eða aðrar æfingar. Ökumaður og liðsstjóri hans skulu vera viðstaddir keppnisskoðun. Skyld er að prófa bremsur í hverri skoðun. Skoðunarmaður samþykkir með keppnisskoðun flokkaskráningu keppenda.

Ef keppandi mætir á keppnisstað eftir að keppnisskoðun er hafin þá getur hann fengið skoðun innan klukkutíma frá áður auglýstum tíma gegn greiðslu að upphæð 10. þús. krónur. Keppnistæki getur ekki fengið rásleyfi í keppni nema það standist keppnisskoðun

Keppnishaldari skal hafa aðstöðu á keppnisstað til þess að framkvæma keppnisskoðun. Ef dómnefnd keppninar þykir þurfa ástæða til má taka ökutæki í skoðun hvenær sem er á keppnisstað.

6. **Refsingar, mótmæli og kærur:**

Kærufrestur er 30 mínútur eftir að úrslit eru birt.

Kærur vegna flokkaskráninga skulu berast minnst 30 mínútum fyrir keppni.

Allar kærur skulu gerðar samkvæmt alþjóðalögbók FIA, gefnar út af keppnishaldara og samkvæmt verðskrá Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA <http://lia.is/skjol/VERDLISTI-2010.pdf> Áfrýjanir skulu afgreiddar samkvæmt lögum ÍSÍ – www.isi.is



7. Verðlaunaafhending:

Þrjú stigahæstu menn í hverjum flokki fá verðlaun fyrir árangur keppninar hverju sinni. Keppnishaldari getur einnig verðlaunað sérstaklega fyrir tilþrif í hverjum flokki þykji honum ástæða til. Þessi verðlaun skulu veitt fyrir framúrskarandi tilraun við braut eða góða björgun frá veltu – **en ekki eru veitt verðlaun fyrir veltu.**

Verðlaunaafhending fer fram samkvæmt útgefinni dagskrá frá keppnishaldara. Ekki er heimilt að halda verðlaunaafhendingu fyrr en staðfest úrslit liggja fyrir og kærur og athugasemdir hafa verið afgreiddar komi þær upp.

Efstu átta ökumenn í hverjum flokki fá eftirfarandi stig fyrir árangur í hverri keppni til Íslandsmeistara:

1. sæti - 10 stig, 2. sæti - 8 stig, 3. sæti - 6 stig, 4. sæti - 5 stig, 5. sæti - 4stig, 6. sæti 3 stig, 7. sæti 2 stig og 8. sæti 1 stig.

Ef tveir eða fleiri þátttakendur enda jafnir að stigum þá vinnur sá er oftast hefur náð fyrsta sæti, öðru sæti osfr. Ef þeir eru enn jafnir þá sigrar sá er hefur bestan árangur í síðasta móti, þarsíðasta osfr.

Verðlaun fyrir stig til Íslandsmeistara eru veitt fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki á lokahófi Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA þann 30. Október.

8. Öryggisbúnaður ökumanna:

- FIA eða SFI samþykktur keppniskalli
- Eldvarnarhetta
- Hanskar - eldvarðir
- Skór - eldvarðir
- Lokaður keppnishjálmur samþykktur af FIA 8860-2004, Snell SA2000, Snell SA2005, SFI 31.1A, SFI 31.2A eða BS6658-85 gerð A/FR samþykkt fyrir keppni í mótorsporti. Smellulásar eru leyfðir en mælt er með þræddri ól.
- Hlífðargler í hjálmi eða hlífðargleraugu.
- Hálskragi sem nær allan hringinn. Þykkt kragans skal samræmast breidd milli hjálms og axla til þess að gefa hámarksstuðning og tryggja lágmarkshreyfingu á höfði. (HANS búnaður einnig leyfður.)



9. Keppnisreglur:

Öll samskipti við ökumann í gegnum talstöð, síma eða með öðrum hætti eru bönnuð á meðan ekið er í braut.

9.1 Keppnin:

Lágmarksfjöldi brauta í keppni eru 6 og má hafa eina eða fleiri tímabrautir. Brautir skulu vera skýrt merktar með brautarhliðum – hvítum eða gulum vinstramegin og rauðum eða svörtum hægra megin. Stikum í brautarhliðum skal vera þannig fyrirkomid að þær geti ekki skapað hættu fyrir keppendur, starfsmenn eða áhorfendur. Ef tvær eða fleiri brautir liggja nálægt hvor annari skulu þær merktar aukalega til að fyrirbyggja misskilning.

Keppnisstjórn skal afhenda keppendum mynd eða teikningu af brautum á fundi með keppendum á keppnisstað. Á henni skal aksturslína brautar (og útlínur/stýrihlið hennar) vera skilmerkilega merkt ásamt stigasvæðum.

9.2 Brautir

Hver braut skal vera 30 til 700 metra löng. Lágmarksbreidd brauta er 4 metrar.

Hver braut skal hafa að lágmarki tvö ráshlið, starthlið og endamark (300 stig). Bæta má hliðum að vild til þess að skipta brautinni upp í stigasvæði en hvert hlið skal vera að lágmarki 4 metra breitt.

Hvert stigasvæði skal takmarkað með útlínum brautar og skulu útlínur teiknaðar inn á brautarmynd ásamt aksturslínu. Ekki má staðsetja þessi mörk nær en einum metra frá hliðum. Í sérstökum tilfellum, nálægt kröppum beygjum eða nálægt samliggjandi ráshliðum má staðsetja yrti mörk brautar við aksturslínu.

Hverri braut er skipt niður í 5 stigasvæði: 100 – 200 – 250 – 300 – 350. 250 stigalína skal merkt að hámarki 3 metrum frá endahliði (300 stig). 350 stigalína skal vera bíllengd frá endahliði, í aksturslínu frá braut og ekki í meiri fjarlægð en 5 metrum frá 300 stiga merkingu. Ekki er veitt refsing fyrir bakk eftir að 300 stiga hliði hefur verið náð.

Dómarar geta gefið stig með 10 stiga millibili í fyrstu þremur stigasvæðum en seinni svæðum er ekki skipt upp. (Dæmi; þú getur fengið 240 stig en ekki 260 stig fyrir lengd).



9.3 Tímabraut:

Tímabraut skal vera fær fyrir alla keppendur. Tímamæling í tímabraut hefst þegar keppnistækið fer yfir ráslínu (fljúgandi start) og lýkur er keppnistæki fer yfir endalínu.

Rafeindabúnaður til tímamælinga er æskilegur. Ef handvirkur búnaður er notaður skal að lágmarki nota þrjár viðurkenndar skeiðklukkur og meðaltími reiknaður frá þeim öllum.

Ökumaður sem nær bestum tíma í tímabraut fær 350 stig. Stig annara ökumanna reiknast frá tíma þeirra en dregið er frá 1 stig fyrir hvern hundraðshluta úr sekúndu frá besta tímanum (-10 stig fyrir sekúndu).

Hámarkstími í tímabraut er 3 mínútur. Lágmarksstig fyrir að ljúka tímabraut eru 150 stig.

Tímabrautinni er skipt niður í fjögur stigasvæði. Nái ökumaður ekki að ljúka tímabraut fær hann 25 stig fyrir hvert stigasvæði sem hann nær að. Ef hámarkstíma er náð þá er tímatöku lokið og ökumaður fær stig reiknuð út frá þessum stigasvæðum. Keyra þarf í gegnum öll hlið tímabrautar í réttri röð og akstursstefnu. Refsing fyrir snert hlið í tímabraut er -10 stig. Að lágmarki eitt hjól keppnistækis þarf að fara í gegnum hvert hlið svo því teljist lokið. Ökumenn mega bakka og snúa við án refsingar.

9.4 Rásröð:

Dregið skal um rásröð úr hatti/skál á fundi keppenda á keppnisstað. Ef tveir ökumenn keppa á sama ökutæki skal aðeins einn þeirra draga um rásröð og hinum keppendum skal dreift í rásröð þannig að deilt sé í keppendafjölda með fjölda keppenda á sama ökutæki.

Við hverja braut skulu fyrstu ökumenn færðir afturfyrir í rásröð fyrir þá næstu. Fjöldi ökumanna sem færður er afturfyrir í hvert skipti skal reiknaður með fjölda keppenda deilt í fjölda brauta. Ökumaður skal mæta á ráslínu innan einnar mínútu eftir að honum hefur verið gefið merki um að mæta. Hverri tilraun til aksturs í braut telst lokið fari keppandi ekki af stað einni mínútu eftir að ræsir hefur ræst hann af stað. Hver ökumaður sem dettur úr keppni skal umsvifalaust tilkynna það til ritara keppinnar.

9.5 Flögg:

Í hverri keppni eru notaðar þrjár gerðir af flöggum: Rautt, Grænt og svo Start flagg.

Rautt flagg er notað til að sýna að braut sé lokuð og til þess að sýna ökumanni að hann sé flaggaður út úr braut. Rautt flagg skal einnig notað til þess að sýna ökumanni ef það er hætt á ferð.



Grænt flagg er notað til þess að sýna að braut sé tilbúinn til aksturs og er sett niður um leið og keppandi er kominn í braut.

Start flagg (alþjóðlegt) er notað til þess að ræsa ökutæki af stað í hverja braut. Þar sem það á við má einnig nota ljósabúnað til þess að starta braut.

9.6 Stigagjöf í keppni:

Fyrir refsilausan akstur í braut fær keppandi 350 stig. Hverju stigasvæði telst lokið þegar miðja afturfelgu ber við merkingu þess svæðis. Ökutæki skal snúa rétt í hverju hliði og skal keyrt í réttri akstursstefnu

Ökumanni er heimilt að bakka einu sinni í hverju stigasvæði (á milli brautarhliða).

Refsingar í braut eru eftirfarandi:

- Stoppað í braut og haldið áfram 10 stig
- Snerting á brautarhliði með einu dekki 20 stig
- Snerting á brautarhliði með tveimur dekkjum 40 stig
- Snerting á brautarhliði með þremur dekkjum 60 stig
- Eitt hjól inni í braut/eða á brautarhliði 100 stig
- Bakk (tekur gildi þegar keppandi heldur tilraun áfram) 40 stig
- Eyðilegging á braut að óþörfu 50 stig

Dómarar hætta að gefa stig þegar ökumaður:

- Ræsir í braut áður en rásmerki hefur verið gefið
- Veltur
- Fer vitlaust í brautarhlið
- Festir sig eða stöðvar í meira en eina mínutu.
- Snertir útlínu (stýrihlið) brautar
- Losar hjálm eða öryggisbelti
- Gefur starfsmönnum keppninar merki um að hann sé hættur

Refsing í 300 stigahliði er 50% minni en af refsingum hér að ofan.

Lágmarksstigagjöf fyrir hverja braut er 0.



9.7

Úrslit:

Sigurvegari í hverjum flokki er sá sem hefur flest stig að loknum öllum brautum.

Úrslit hvernar brautar skal vera aðgengileg hverjum keppenda að henni lokinni á upplýsingatöflu keppisstjórnar.

Ef tveir eða fleiri þátttakendur ljúka keppni með jöfn stig skal sá ökumaður vinna er lokið hefur flestum brautum á hæstu stigum vinna. Ef þeir eru enn jafnir skal sá ökumaður vinna er var með flest stig í síðustu braut, annars næstsíðustu osfr.

10. Tæknilegar upplýsingar - reglur.

Reglur og skilyrði fyrir Modified og Unlimited eru þær sömu nema annað sé sérstaklega tekið fram. Sérreglur um götubíla má finna í almennum reglum um götubílaflokkinn.

10.1.1 Samþykkt ökutæki, MODIFIED:

Ökutæki skal hafa tvo driföxla og vera fjórhjóladrifið.
Ökutæki skal hafa útlit fjöldaframleidds bíls.

10.1.2 Samþykkt ökutæki, UNLIMITED:

Ökutæki skal hafa tvo driföxla og vera fjórhjóladrifið.
Önnur hönnun eða smíði er frjálts standist hún aðrar reglur flokksins.

10.2 Grind og burðarvirki:

Öll ökutæki lögleg til keppni eftir 01.01.2006 skulu hafa burðarvirki og grind byggða úr:

- Upphaflega fjöldaframleidda grind úr 4x4 ökutæki eða;
- Heildregið stál af lágmarki 45x2,5 mm eða 50x2 mm, eða;
- Rétthyrndu efni að lágmarki 40x60x3 mm, eða;
- Hringlaga stáli að lágmarki 45x45x3 mm

Ál, Stainless steel eða Chromemoly stál er ekki leyft.

10.3.1 Dekk, MODIFIED:

Skófludekk "Multipaddle" eða "Padla Trak" eru leyfð.
Öll DOT merkt og samþykkt götudekk eru leyfð. Keðjur, álsþyrnur eða hver sá aukahlutur á dekk til að auka grip er ekki leyfður.



10.3.2 **Dekk, UNLIMITED:**

Frjálst val. Öll dekk skulu vera framleidd úr gúmmí og með lofti í. Keðjur, álsþyrnur eða hver sá aukahlutur á dekk til að auka grip er ekki leyfður.

10.4 **Felgur:**

Frjálst val.

10.5 **Fjöðrun:**

Vel frágegngin "bumpstops"/loftdemparar eða gasfylltir samsláttarpúðar skylda. Annar er fjöðrun frjáls.

10.6 **Demparar:**

Frálst val.

10.7 **Vél:**

Frjálst val.

Blásrarar, keflablásarar, túrbínur og Nítró er leyft. Keflablásarar verða að hafa hlíf 1,5 mm stál eða 2,5 mm ál til að hylja blásarareim. Hlífin ska fest örugglega á vél eða grind. Allar leiðslur, bensín, nítró eða olíu sem liggja nállægt reiminni skulu lagðar í stálrör eða vera stálofnar. Keflablárari skal hafa SFI samþykka strappa til að varna því að hann skjótist af milliheddi. Allar bensínleiðslur verða að vera nógu langar svo þær fari ekki í sundur komi það til. Damper og startkrans skulu vera SFI merktir. Gormar í báðar áttir og virkir eru skylda á blöndungum og inngjöfum fyrir innspýtingu.

10.8 **Bensínkerfi:**

Bensíntankur skal vera hannaður fyrir keppnir og örugglega fastur. Hann má ekki vera staðsettur í ökumannsrými. Hlíf skal vera við hlið tanks að ökumannsrými til að varna leka þangað við veltu. Bensínlok skal vera lekahelt. Allar bensínleiðslur skulu vera heilar, í einu lagi og örugglega festar. Fari bensínlögn í gegnum ökumannsrými skal hún vera dregin í gegn um stálrör 1 mm þykkt og minnst tvöfalt sverara en bensínlögnin sjálf. Dísel, Bio Dísel, E85, Bensín og "Race" Bensín er leyft.

Bætiefni og Oktan "booster" er leyfður. Allt annað eldsneyti er bannað.

Vatnsinnspýting er leyfð. Própan innspýting er bönnuð.

Metanól er bannað.

10.9.1 **Nitrous Oxide - NÍTRÓ:**

Notkun nítrókerfa er heimil ef farið er eftir þessum reglum:

- Einungis fjöldaframleidd sett sem sett eru upp samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda eru lögleg.



- Nítró flaska skal tryggilega fest með tveimur stálfestingum að lágmarki 2,5x25 mm og skulu þær ná utan um alla flöskuna.
- Óheimilt er að staðsetja nítróflösku í vélarrúmi.
- Stútur flöskunnar skal vísa frá öikumanni eða hafa hlíf frá tengingum hennar sem skulu að lágmarki vera úr 2 mm stáli eða 4 mm áli.
- Nítró flaska skal staðsett með þeim hætti að hún verði ekki fyrir skemmdum eða beinu höggi við veltu.
- Allar nítró slöngur skulu vera hannaðar til að þola að lágmarki 3000psi.
- Allar nítróslöngur skulu tryggilega festar.
- **Rafmagnstengingar fyrir nítró:**
 - Kerfið má ekki vera "-" tengt.
 - Kerfið má ekki vera virkt nema kveikt sé á ökutæki.
 - Kerfið verður að hafa sér rofa fyrir öikumann þar sem kyrfilega sé merkt hvort kveikt sé á því (NOS on/off.)
 - Kerfið má einungis vera virkt við botngjöf.
 - Kerfið má einungis vera virkt yfir 2000 snúningum á mótör (2000 rpm).
 - Bensínþrýstings rofi skal vera tengdur og virkur þannig að kerfið virki ekki ef bensínþrýstingur fellur niður fyrir 5 pund (5psi).
- Lokuð ökutæki verða að hafa FIA/SFI samþykkt slökkvikerfi með minnst einum stút sem vísar að öikumanni og einum sem vísar að mótör.
- FIA viðvörðun merkt NOS – græn með hvítum stöfum, skal vera staðsett aftan á ökutæki með nótrókerfi.
- Flöskuhitari skal vera fjöldaframleiddur og frá honum gengið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Allur opinn eldur er bannaður!
- Þrýstímælir fyrir nítró er skylda í bifreiðum með flöskuhitara.

10.9.2 **Methanol eldsneyti, UNLIMITED:**

Methanol eldsneyti er leyft í Unlimited flokki ef ökutæki er skilmerkilega merkt að framan og aftan sem; "METHANOL FUELED" í gulum ferningi með málunum 15x30 cm. Ökutæki sem notar Methanol skal útbúið FIA/SFI samþykktum slökkvibúnaði með minnst þremur stútum að vélarrými og tveimur að öikumansrými.

10.10 **Kælikerfi:**

Vatnskassi og yfirfall má ekki vera í öikumansrými. Allar hosur skulu vera óskemmdar og af viðurkenndri gerð. Allar hosur eða leiðslur í kælikerfi sem fara í gegnum öikumansrými verða að vera án samsetninga þar og skulu vera vel varðar.

10.11 **Pústkerfi:**

Hávaðamörk eru sett við 110dB samkvæmt mælireglum FIA. Annars frjálst val.



10.12 **Rafkerfi:**

Rafgeymir skal vera þurrgeymir og tryggilega festur að ofan og neðan. Plús á geymir skal vera varinn með plasti eða öðrum efnum sem leiða ekki. Allir kaplar skulu tryggilega festir.

Höfuðrofi skal vera staðsettur þannig að ökumaður nái örugglega til hans spenntur í beltum. Annar höfuðrofi eða vírtengdur ádrepari skal staðsettur aftan á ökutæki. Hann skal vera skilmerkilega merktur með bláum þríhyrningi og rauðri eldingu inn í honum.

10.13 **Gírkassar og drifsköft:**

Frjálst val. Sjálfskipt ökutæki mega ekki geta startað í gír og skulu hafa 6mm sprengihlíf yfir startkrans og hús eða annan SFI samþykktan búnað. Skiptingar með SFI samþykktu kúplingshúsi þurfa ekki þessi hlíf. Beinskipt ökutæki skulu hafa startrofa tengdan við bremsu eða kúplingsfetill svo ekki sé hægt að starta nema stíga á fetilinn.

Fram og afturdrifskaftr skulu hafa öryggisbaulu úr 5x50 mm stáli eða 21x1,5 mm stál röri boltað í grind eða skiptingu með lágmarki tveimur 8.8 M10 boltum. Öryggisbaurur skulu vera millikassa megin á sköftum.

10.14 **Bremsukerfi:**

Frjálst val, þó alltaf fótstignar og virkar á öllum fjórum hjólum. Drifskaftrbremsur eru bannaðar.

10.15 **Stýrisbúnaður:**

Ökutæki skal stýrt með hefbundnu stýrishjóli staðsettu fyrir framan ökumann. Vökva- tjakkstýri og aðrar fjöldaframleiddar útgáfur eru leyfðar. Allar vökvaleiðslur skulu vera með þrykktum endum nema yfirfall, óskemmdar og skulu hafa nægjanlega lengd til að mæta öllum hreyfingum fjöðrunar. Allar slöngur skulu varðar hugsanlegum skemmdum vegna fjöðrunar eða vélarhlutum. Allar slöngur í deili á tjakkstýrum skulu vera vel varðar fyrir ökumanni. Lágmarks stærð á stýrisendum í tjakkstýri er 22 mm. Liðstýring er bönnuð.

10.16.1 **Yfirbygging, MODIFIED:**

Útlit yfirbyggingar skal líkjast fjöldaframleiddri bifreið. Lengd yfirbyggingar skal hylja hjólhaf bifreiðarinnar. Húdd, hliðar, fram- og afturbretti eru skylda og skulu líkjast upphaflegu bifreiðarútliti. Loftinntak í gegnum yfirbyggingu skal vera þannig úr garði gerð að hún verndi ökumann ef mótör sprengir uppúr. Allir gluggar verða að vera úr öryggisgleri eða polycarbonate/lexan.



10.16.2 **Yfirbygging, UNLIMITED:**

Lengd yfirbyggingar skal að lágmarki hylja hjólhaf bifreiðar. Húddhlíf og hliðar eru skylda. Loftinntak í gegnum yfirbyggingu skal vera þannig úr garði gerð að hún verndi ökumann ef mótör sprengir uppúr. Allir gluggar verða að vera úr örrygisgleri eða polycarbonate/lexan.

10.17 **Ökumanssrými:**

Hvalbakur eða sambærileg hlíf sem skilur að ökumann frá mótör, olíu- og vatnskælum er skylda til varnar því að óæskilegir vökvar fari í ökumanssrými. Ef loftinntak er inni í ökumanssrými skal það snúa frá ökumanni. Armólar eða "glugganet" með hámarks möskvastærðinni 50 mm og að lágmarki 2 mm skal notuð ef fjarlægð frá miðju bílstjórásæti og að ytri brún veltibúrs er minni en 50 cm. Ef fjarlægðin er minni en 40 cm er "glugganet" skylda. Fjarlægð frá efsta punkti hjálms og upp í topp skal að lágmarki vera 10 cm. Armólar skulu festar neðan við olnboga og vera losanlegar með öryggisbelti.

10.17.1 **Ökumanssrými - MODIFIED:**

Farþegasæti skal vera við hlið ökumanssætis. Gerð farþegasætis er frjálts en verður að vera að venjulegri stærð.

10.18 **Gólf:**

Gólf ökutækis skal vera að lágmarki úr 1 mm stáli eða 2 mm áli og hylja allan gólfhlöt bifreiðar. Ef framskapt fer undir bílstjórásæti skal þykkt á gólfi þar vera að lágmarki 2 mm stál eða 3 mm ál.

10.19 **Ökumanssæti:**

Sæti skal vera keppnisstóll og vera með götum fyrir 5 punkta belti. Sæti skal tryggilega fest og bak sætis verður að hvíla á þverstífu veltibúrs eða fest á sambærilegan hátt. Ef sæti er fest á sleða þá er öryggisfesting á sleðan skylda til að varna því að það geti hreyfst. Sætisbak skal vera næginlega hátt til þess að hylja 2/3 af hjálmi ökumanns. Hliðarstuðningur fyrir hjálm skal festur á sæti eða á festingum aftan við sætið. Lágmarks þykkt skal vera 3 mm ál eða 3 mm stálplata. Hún skal vera að lágmarki 10 cm há og skal vísa fram um minnst 20 cm frá sætisbaki og skal vísa ekki minna en 75° og þannig að ekki sé hætta á að hlífin skemmi hjálm við venjulega notkun. Fjarlægð frá hjálmi að hlíf má ekki vera meiri en 10 cm. Hlífin verður að vera soðin föst eða boltuð með minnst 2 x M8 boltum á hvorri hlið. Notast má við samþykkt FIA/SFI sæti með stuðningi fyrir hjálm í stað hliðarhlífar.



10.20.1

Veltibúr:

Öll ökutæki skulu hafa að lágmarki sex punkta veltibúr og grindar- eða burðarvirkistengt.

Veltibúr skal hannað þannig að það verji ökumann úr öllum áttum.

Heil og óskemmd heildregin stálrör með að lágmarki 350 N/mm² eru skylda.

Ál, Stainless steel eða Chromemoly stál er ekki leyft.

Lágmarks stærð röra skal vera 2.5 x 45 mm, eða til vara 2 x 50 mm.

Ekkert rör í búrinu má vera minna en 3 x sverleiki. Allar suður skulu vera hágæða suður og ekki má slípa yfirborð þeirra.

Lágmarkskröfur í hönnun veltibúrs (sjá nánar á "demo" teikningu):


- Heill aðalbogi frá annari hlið ökutækis að hinni hlið þess.
- Aðalbogi skal vera staðsettur innan 75-105 gráðu (+/- 15 gráður lóðrétt).
- Heill fram bogi frá annari hlið ökutækis að hinni hlið eða heilir hliðarbogar sem tengja aðalboga og fram boga saman.
- Stífur frá aðalboga að ofan og í afturhorn bifreiðar með að lágmarki 30 gráðu horni.
- Kross í aðalboga eða afturstífur. **(Ökutæki smíðuð eftir 01.01.2006 skulu hafa þennan kross í aðalboga).**
- Ef veltibúr er hærra en 100 cm, skal staðsetja lóðrétt rör frá miðju aðalboga og niður í kross í aðalboga.
- "V" eða "X" rör í topp veltibúrs.
- Rör sem tengir hægri og vinstri hlið aðalboga saman, staðsett eins neðarlega og kostur er á í grind eða burðarvirki.
- Rör sem tengir saman fram- og aðalboga, helst eins neðarlega og kostur er að framan og við miðju í aðalboga.

Ökutæki smíðuð eftir 01.01.2006:

- Lágmarksbreidd veltibúrs er 100 cm.
- Lágmarksfjarlægð frá miðju bílstjórásæti og að ytri brún veltibúrs er 40 cm (mælt í axlarhæð).



Hér má sjá "demo" teikningu á veltibúri samkvæmt reglum þessum:




10.20.2 **Þakplata:**

Öll ökutæki skulu hafa plötu festa yfir topp veltibúrs:

- 1 mm stál plötu soðna á búið, eða
- 2 mm stál plötu boltaða með M8 boltum með að lágmarki 50 cm bili, eða
- 3 mm ál plötu boltaða boltaða með M8 boltum með að lágmarki 50 cm bili.

Ef platan er boltuð þá skulu festingar soðanar í búið, ekki má bora í veltibúr.



Ökutæki smíðuð eftir 01.01.2006:

Lágmarksstærð þakplötu er 0,75 m²


10.21 **Öryggisbelti:**

Eingöngu 3" breið FIA/SFI samþykkt beltí eru leyfileg. Mælt er með "króklás" á beltí í stað stjörnuláss. Beltin skulu óskemmd og skulu dagsetningar á þeim standast reglur. Axlabelti skal festa í beinni línu frá öxlum eða niðurávið þannig að bak sætis og axlabelti séu á milli 45 og 90 gráða. Ef beltí er fest með boltum skal að lágmarki nota M10 bolta. Ef boltar festast í yfirbyggingu bíls þá skal það styrkt með 2 mm stál plötu sem má minnst vera 20 fersentimetrar. Bannað er að bora í veltibúr fyrir beltafestingar.



10.21

Öryggisbelti - framhald:



10.22 Ljós:

Öll ljós á yfirbyggingu úr gleri þarf að verja með límbandi fyrir keppni.

10.23 Mælar og rofar:

Frjálst val.

10.24 Dráttaraugu:

Dráttaraugu að framan og aftan með minnst 35 mm gati að framan og aftan. Einnig skal vera gert ráð fyrir að hægt sé að hífa ökutæki að ofan og má það vera í gegnum veltibúr. Dráttaraugu skulu vera auðkennd með skærum lit.

10.25 Talstöðvarsamskipti:

Öll talstöðvar eða önnur þráðlaus samskipti við ökumann og þriðja aðila í er ólögleg á meðan keppandi er í braut.

10.26 Þyngd:

Lágmarksþyngd ökutækis án bílstjóra er 600 kg. Öll aukavigt/ballest skal tryggilega fest.

10.27 Aukahlutir:

Allir aukahlutir (slökkvitæki, fánar, vindskeiðar osfr.) skulu tryggilega festir og þannig frá þeim gengið að þeir geti ekki valdið ökumanni, starfsmönnum eða áhorfendum hættu.

10.28 Yfirfall:

Allar yfirfallsslöngur frá bensíntanki, skiptingu, vökvakerfi, millikassa, vél og drifbúnaði skulu vera þannig frágengnar að ekki komi til leka við veltur eða þær tengdar við yfirfallsbox.



11. Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA:

Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA er skipuð eftirfarandi aðilum:

Formaður:	Nafn: Lárus Blöndal Tölvupóstur: larus@juris.is Sími: 893-6373
ÍSÍ:	Nafn: Líney Halldórsdóttir Tölvupóstur: liney@isi.is Sími: 899-0844
LÍA:	Nafn: Ólafur Kr. Guðmundsson Tölvupóstur: olafurkr@centrum.is Sími: 897-6154
Rally:	Nafn: Tryggvi M. Þórðarson Tölvupóstur: tryggvi@tryggvi.org Sími: 692-3672
Rallycross: Drift	Nafn: Páll Pálsson Tölvupóstur: cj5@simnet.is Sími: 822-0501
Spyrna:	Nafn: Davíð Ólafsson Tölvupóstur: dso@simnet.is Sími: 893-7181
Torfæra:	Nafn: Ragnar Róbertsson Tölvupóstur: 4x4@4x4.is Sími: 772-4444
Go-Kart:	Nafn: Garðar Gunnarsson Tölvupóstur: gardar@bilaroghjol.is Sími: 896-7392
Varamaður:	Nafn: Björgvin Ólafsson Tölvupóstur: bo@ba.is Sími: 892-3393